

BÓKUN 1

Aðilar eru sammála um að vísa erindi til samráðsnefndar um veikindarétt þar sem óskað er eftir leiðbeiningum um framkvæmd á grein 12.1.6 um greiðslu útgjalda sem starfsmaður verður fyrir af völdum slyss á vinnustað og slysatryggingar almannatrygginga bæta ekki.

BÓKUN 2

Aðilar eru sammála um að Samband íslenskra sveitarfélaga gefi út leiðbeiningar um skráningu hlutaveikinda fyrir 15. september 2011.

BÓKUN 3

Við verkefnaflutning málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011 jókst hlutfall starfsmanna sveitarfélaga í vaktavinnu nokkuð. Af því tilefni þykir nauðsynlegt að hlutaðeigandi stéttarfélag og Samband íslenskra sveitarfélaga fari sameiginlega yfir framkvæmd ákvæða kjarasamninga um vinnutíma.

BÓKUN 4

Samband íslenskra sveitarfélaga lýsir sig reiðubúið til að taka þátt í samstarfi aðila á vinnumarkaði um heildarúttekt á góðum starfsháttum vinnustaða með vaktafyrirkomulag.

BÓKUN 5

Aðilar munu á samningstímanum taka upp viðræður um endurskoðun á 5. kafla kjarasamningsins um ferðir og gistingu með sérstöku tilliti til ákvæða um heimflutning fjarri vinnustað. Í því sambandi skal farið yfir ákvæði er lúta að fjarlægðum og ferðum milli heimilis og starfsstöðva m.t.t. breytinga sem orðið hafa og hugsanlega verða á samningstímanum á mörkum sveitarfélaga.

Leiði viðræður þessar til sameiginlegrar niðurstöðu skal samið um innleiðingu nýs 5. kafla í kjarasamning aðila og gildistöku hans. (Sbr. bókun IV frá 2006)

BÓKUN 6

Samband íslenskra sveitarfélaga og Bandalag háskólamanna stefna að því að setja á stofn sérstaka samráðsnefnd sem hefur það hlutverk að fjalla um sameiginleg málefni er varða aðildarfélag BHM. Samstarfsnefndir skv. gr. 11.2.1 geta óskað umfjöllunar hjá nefndinni um öll þau mál sem varða kjaraleg efni auk þess sem samráðsnefndin getur haft frumkvæði að umfjöllun um nýmæli og þróun á sviði kjaramála. Nefndin getur tekið að sér vinnu við úrvinnslu sameiginlegra bókana samningsaðila. Samráðsnefndin skal skipuð þremur fulltrúum frá hvorum aðila (sbr. bókun 4 frá 2006).

BÓKUN 7

Samstarfsaðilar munu taka upp viðræður haustið 2011 með það að markmiði að skilgreina leiðir til að auka öryggi starfsmanna í starfsumhverfi sínu. Í því sambandi verður leitað eftir þátttöku fulltrúa fleiri aðila í þeim viðræðum og verður málið m.a. tekið upp í samráðsnefnd SNS og BHM skv. bókun 6 verði af stofnun hennar.

BÓKUN 8

Vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011 skal tryggt að enginn lækki í launum frá því sem nú er við gildistöku kjarasamnings þessa.

BÓKUN 9

Aðilar eru sammála um að vinna áfram sameiginlega í samstarfsnefnd á samningstímanum að auknum kjararannsóknum, s.s. á launapróun, samsetningu heildarlauna, vinnutíma og öðrum magnþölum. (sbr. bókun 1 frá 2006).

Samningsaðilar skipa hvor um sig þrjá aðila í vinnuhóp í því skyni að skoða laun forstöðuproskajálfa. Vinnuhópurinn skal taka til starfa eigi síðar en 1. september 2011 og skila úttektum á launapróun og samsetningu heildarlauna forstöðuproskajálfa eigi síðar en 1. febrúar 2012. Vinnuhópurinn skal skoða sérstaklega hvernig til hefur tekist hjá reynslusveitarfélögum sem sinnt hafa málefnum fatlaðra frá 1996. Hópurinn skal leggja fram tillögur um úrbætur eða breytingar á launakerfi og/eða samsetningu launa. Sérstaklega skal horft til launapróunar og samsetningar grunnlauna og heildarlauna forstöðuproskajálfa í sambærilegum og hliðsettum stofnunum.

BÓKUN 10

Forstöðuproskajálfar, ráðgjafaproskajálfar og umsjónarproskajálfar í þeim sveitarfélögum sem tóku við málefnum fatlaðra 1. janúar 2011 og voru í starfi 1. janúar til 30. apríl 2011, fá greidda sérstaka álagsgreiðslu kr. 45.000,- þann 1. september 2011 vegna álags við undirbúning og flutning á málaflokknum frá ríki til sveitarfélaga. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall.

BÓKUN 11

Samningsaðilar eru sammála um að taka til reynslu nýtt fyrirkomulag um skiptingu 30 klukkustunda þjálfunar- og undirbúningstíma þroskajálfa í grunnskóla.

Skólaárið 2011 – 2012 verði þjálfunarstundir á bilinu 17,33 – 24,00 klukkustundir.

Við mat á skiptingu vinnutímans skal horft til starfslýsingar þroskajálfa, aðstæðna og verkefna í hverjum skóla, samanber grein 3 í sérákvæðum um skilgreiningu og skipulag vinnutíma þroskajálfa. Ef starfsmaður ber ábyrgð á stjórnun á ofangreint ekki við.

Þroskajálfi skal hafa gott svigrúm til endur- og símenntunar sem heimilt er að sækja utan starfstíma skóla í samráði við yfirmann.

Til að meta árangurinn af ofangreindu fyrirkomulagi munu aðilar funda í samstarfsnefnd. Aðilar hittist eigi síðar en 20. október 2011 og aftur 23. febrúar 2012. Aðilar munu leggja mat á hvort nýtt fyrirkomulag vinnutímaskilgreiningar fyrir þroskajálfa í grunnskólum verði þróað áfram.

BÓKUN 12

Samningsaðilar eru sammála um að verði breytingar á vinnutíma grunnskólakennara í tengslum við endurskoðun á vinnutímakafla kjarasamnings FG við Samband íslenskra sveitarfélaga þá verði stofnaður vinnuhópur með 2 frá hvorum aðila til að fara yfir vinnutíma þroskajálfa í grunnskólum.

Verði breytingar á vinnutíma leikskólakennara á samningstímanum á ofangreint ákvæði einnig við þá þroskajálfa sem starfa í leikskólum.